

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 53. stjórnarfundar 19. desember, 2024 kl. 11:00 – 12:00.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Diljá Ragnarsdóttir og Dagný Lísa Davíðsdóttir sátu fundinn.

Fundurinn var haldinn á Teams

Dagskrá fundar:

1. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsóknna

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til tveggja umsókna. Eftir skoðun á þeim var ákveðið að samþykkja báðar umsóknir. Önnur umsóknin var vegna húss sem metið var í altjóni.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til fimm umsókna þar sem óskað er eftir undanþágu frá skilyrði um lögheimili í húsnæðinu. Í þremur tilvikum var niðurstaðan sú að skilyrði væru uppfyllt en í tveimur tilvikum var talin ástæða til að óska eftir nánari upplýsingum vegna umsóknar.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um endurskoðun kaupverði

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka afstöðu til tillögu um endurskoðun á kaupverði þriggja eigna.

Í ljós kom eftir undirritun kaupsamnings að viðkomandi eignir voru ekki í því ástandi sem gera mátti ráð fyrir við undirritun. Við skoðun við afhendingu kom í ljós að ástandið var annað.

Samþykkt að lækka kaupverðið í öllum tilvikum.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:00.

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The first signature, at the top left, reads 'Óskar Jósefsson'. Below it, another signature reads 'Guðrún Þorleifsdóttir'. At the bottom left, a third signature reads 'Dagný Lísa Davíðsdóttir'.